

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Ráðgjafanefnd um friðland að Fjallabaki		Síða
Dags. fundar 27.5.2019	Tími 10:00-12:00	Staður Umhverfisstofnun Hellu	Nr. fundar 1
Fundarboðandi Umhverfisstofnun	Fundarritari Hákon Ásgeirsson	Málsnr. UST201905-044	
<b>Fundarmenn:</b> Frá Umhverfisstofnun: Hákon Ásgeirsson. Frá Ferðafélagi Íslands Ólafur Örn Haraldsson. Frá Sveitarfélaginu Rangárþing ytra: Sigurgeir Guðmundsson, Magnús Jóhannsson og Guðlaug Berglind Guðgeirsdóttir			
<b>Fjarverandi:</b> Afrít sent Öllu nefndarfólki.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p><b>Fulltrúi Umhverfisstofnunar (UST) fór yfir:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Umsjón, rekstur og landvörslu í friðlandinu sumarið 2019: 2-3 landverðir á vakt að jafnaði frá 27. maí – 30. september. Þá er einn landvörður í Hrauneyjum frá 1. júní – 31. ágúst.</li> <li>Stöðu vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar. Stefnt á að henni ljúki fyrir áramót.</li> <li>Fyrirhugaðar framkvæmdir í friðlandinu í samræmi við Landsáætlun um uppbyggingu innviða: Áframhaldandi framkvæmdir á göngustíg um Laugahraun að Brennisteinsöldu. Hönnun á bílastæði við Námskvísl og hönnun á nýjum göngupalli frá skála Fí að laug og áfram að Námskvísl ásamt nýrri aðstöðu við laugina og nýja göngubrú yfir Námskvísl. Stefnt á framkvæmdir árið 2020. Skipulag í og við Landmannahelli í samvinnu við húseigendur, rekstraraðila og sveitarfélag. UST mun kalla til fundar um það síðla sumars. Skipulag við Rauðafoss. Farið verður í að afmarka gönguleiðir, loka villustígum og stýra umferð frá viðkvæmum svæðum.</li> <li>Samvinna Ferðafélag Íslands (FÍ) og UST í friðlandinu: Frá 15. júní – 15. ágúst munu landverðir starfa með skálavörðum í upplýsingabás Fí í Landmannalaugum alla daga milli kl. 10:00 og 13:00 og einnig milli kl. 17:00-18:00 þegar þess gefst kostur. Landverðir munu aðstoða við að hald við girðingum við tjaldsvæðið, setja upp leiðbeinandi skilti og tína rusl. Landverðir hafa aðgang að starfsmannaskála Fí á vinnutíma til að borða nesti og nota salerni.</li> </ul>	Allir
2	<p><b>Tillögur og umræður fulltrúa ráðgjafanefndar:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>Setja þarf stefnu um hvernig á að dreifa álagi innan friðlandsins, á hvaða svæði eða gönguleiðir er hægt að vísa ferðamönnum án þess að valda þar miklu álagi.</li> <li>Bæta þarf upplýsingar, vegmerkingar og vegvísa við Dómadalsleið..</li> <li>Horfa þarf til heildarstefnu friðlandsins og m.a. að skoða stækkun þess þannig að öll Torfajökulsaskjan sé innan friðlands. Svæðið er á tilnefningarlista um svæði sem ríkisstjórnin vill setja á Heimsminjaskrá. Það kallar á skýrari</li> </ul>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
	<p>regluverk um friðlandið og einnig kallar á aukið fjármagn til að verða við kröfum Heimsminjaskrá UNESCO.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Gera þarf átak í að koma í veg fyrir utan vega akstur, auka eftirliti og ná betur til ferðamanna, það kallar á aukna landvörslu.</li> <li>• Skýra þarf reglur um hjólreiðar innan friðlands og koma í veg fyrir að hjólað sé utan göngustíga.</li> <li>• Skoða þarf að setja reglur um flug þyrta innan friðlands, koma í veg fyrir óþarfa lágflug, setja reglur um hvar má lenda þyrlum, en í dag má það hvar sem er svo fremri að það valdi ekki skemmdum á náttúru og trufla dýralíf.</li> <li>• Skoða að setja á takmörkun á stærð gönguhópa inn á viðkvæm svæði eins og Hattver. Skoða hvort á sumum svæðum verði einungis heimilt að ganga um með leiðsögn.</li> <li>• Setja atvinnustefnu, það er gert ráð fyrir því að það verði gert, verður sett í stefnu í stjórnunar- og verndaráætlun.</li> <li>• Menningarminjar á svæðinu. Bæta varðveislu þeirra. UST og Minjastofnun hafa hafið samstarf um aukið eftirlit með minjum og munu landverðir m.a. hafa eftirlit með minjum innan friðlandsins, þ.m.t. vörðum. Lagt til að skoðað verði að endurhlaða vörður í samvinnu við Minjastofnun.</li> <li>• Rauðufossar: skoða að færa gönguleið sem liggur að auganu frá ánni þar sem svæðið er mjög viðkvæmt. UST er með fjármagn í að skipuleggja aðgerðir við Rauðafoss og verður þá skoðað hvort betra sé að færa gönguleið frá ánni. Einnig verður farið í að loka villustígum, afmarka víkvæm svæði og mun Landslagsarkitekt gera tillögur að legu og lagfæringum á gönguleið og útsýnisstað við Rauðafoss.</li> <li>• Skoða þarf að gera betra skipulag við tjaldsvæði og bílastæði í Landmannalaugum í samvinnu við FÍ.</li> <li>• Talningar innan friðlands. FÍ heldur utan um stóran hluta þeirra ferðamanna sem ganga Laugavegin. Koma þarf á skráningu göngumanna um Laugaveg þannig að halda megi utan um fjöldann með einföldum hætti. UST í samvinnu við ráðuneytið mun setja upp teljara á Laugavegin.</li> </ul> <p><b>Landvarsla í friðlandinu:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Nefnd er sammála um að landvörslu þarf að auka í friðlandinu, lengja tímabilið og fjölga landvörðum yfir há sumarið.</li> </ul>	
3	<p><b>Afmæli friðlandsins:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• UST stefnir á að halda upp á friðlýsingarafmæli friðlandsins í samvinnu við sveitarfélag og heimamenn. Stefnt er á að bjóða upp á fræðslugöngur í sumar og halda svo málþing síðla sumars. Afmæli friðlandsins er 13. ágúst. UST mun ræða við sveitarfélag varðandi afmælis dagskrá síðsumars.</li> </ul> <p><b>Stjórnunar og Verndaráætlun:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Þegar drög að áætlun liggur fyrir verður kallað til fundar í nefndinni til að fara yfir áætlunina áður en hún verður auglýst. UST mun kalla til fundar.</li> </ul>	

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
4	<b>Fundir í ráðgjafanefnd:</b> <ul style="list-style-type: none"><li>• Fulltrúar í ráðgjafanefnd samþykktu að tveir fastir fundir verði haldnir ár hvert, að vori og síðla hausts eða byrjun vetrar.</li></ul> Umhverfisstofnun mun kalla til næsta fundar í haust og leggja til fundartíma.	